

## Aðgangskerfi / Öryggiskerfi Samgöngustofu

Kerfið fer sjálfkrafa á vörð kl. 21:00 virka daga og kl. 18:00 um helgar. Ef það þarf að taka kerfi af verði eftir kl. 21:00 á virkum dögum eða eftir kl.18:00 um helgar þá þarf að hringja í stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar í síma **530-2400** og láta vita og gefa upp leyniorð sem eru 2 síðustu stafirnir í notendakóðanum ykkar. Kerfið fer aftur sjálfkrarfa á vörð á kl. 24:00 alla daga ef það er ekki á verði.

Athugið að fjórum mínútum fyrir tímann, þ.e. kl. 20:56 og kl.17:56 mun koma stutt píp frá kerfinu. Ef einhver er enn við vinnu á þeim tíma þarf viðkomandi að fara að aðgangkortalesaranum á sínu svæði og setja aðgangskortið að lesararnum til þess að taka af verði (ath verður að gerast kl. 21:00 eða kl.18:00).

Þegar kerfið gefur viðvörðun vegna þess að gleymst hefur að taka svæði af verði eru boð gefin til stjórnstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar. Hringið strax í síma **530-2400** sem er stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar og gefið upp nafn og leyniorð. Þetta hindrar ónauðsynlegt útkall öryggisvarða.

Allir hafa aðgang að húsinu í heild utan tölvusals og skjalageymslu kl. 07:00 – 18:00. Utan þess tíma, kemst starfsmaður eingögnu inn á sitt svæði, sameign og eldhús.

### 1. Kerfi tekið af verði:

Þegar gengið er inn í húsið að framan, frá starfsmanna inngangi Ármúla megin eða að aftan (baðhúsarmegin), þá setjið þið aðgangskortið ykkar að lesaranum og sláið inn 5 stafa kóðann ykkar og kassa (e. hashtag). Þessi aðgerð tekur sameign af verði. Sameign er skilgreind sem stigahúsið og opnu rýmin á hverri hæð.

Til að taka kerfi af álmu (svæði) er nóg að setja aðgangskort að aðgangskortalesaranum fyrir framan hurðina, en við það fer kerfið af.

### 2. Kerfi sett á vörð:

Sláið notendakóða inn á hnappaborðið (staðsett við aðalinngang hjá stimpilklukku) og ýtið á „OK“ . Við það kemur „Nafnið ykkar“ . Ýtið þá á örvatakkan upp, þá sjáið þið svæðið ykkar og sameign. Þið þurfið bara að setja ykkar svæði á. Þegar þið hafið sett ykkar svæði á vörð þá mun hljóð pípa í borðinu og þið hafið 3 mínútur til að fara út úr húsi.

Athugið að ekki þarf að hafa áhyggjur af sameigninni, en hún fer sjálfkrafa á þegar öll svæði í húsinu eru kominn á vörð.

